

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 374. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 28. september 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ungmennaráð Snæfellsbæjar – kynning á Erasmusferð ungmennaráðs til Ítalíu í september.
- 2) Fundargerð 219. fundar menningarnefndar, dags. 12. september 2023.
- 3) Fundargerð 100. fundar íþrótt- og æskulýðsfundar, dags. 30. ágúst 2023.
- 4) Fundargerð 1. fundar nefndar um bókasafn Snæfellsbæjar, dags.. 25. september 2023.
- 5) Fundargerð 67. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 25. ágúst 2023.
- 6) Fundargerðir 216. og 217. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 15. ágúst og 28. – 29. ágúst 2023.
- 7) Fundargerðir 932. og 933. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. september og 18. september 2023.
- 8) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 1. september 2023, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Mínu sf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Móum 4 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
- 9) Bréf frá Kvenfélagi Ólafsvíkur, dags. 12. september 2023, varðandi listaverkið Gleði.
- 10) Bréf frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. 20. september 2023, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi þann 26. nóvember n.k. vegna jólabasars eldri borgara.
- 11) Ályktun aðalsafnaðarnefndarfunds Ólafsvíkurkirkju, dags. 18. september 2023, varðandi líkhúsið í Ólafsvík.
- 12) Bréf frá Landssambandi smábátaeigenda, dags. 17. september 2023, varðandi framtíð strandveiða.
- 13) Bréf frá Stígamótum, dags. 30. ágúst 2023, varðandi beiðni um framlag á árinu 2024.
- 14) Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 20. september 2023, varðandi skólaakstur á vorönn.
- 15) Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 13. september 2023, varðandi ályktun um skógarreiti og græn svæði innan byggðar.
- 16) Bréf frá Leikskólastjóra og byggingarfulltrúa, dags. 25. september 2023, varðandi stækkun á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík.
- 17) Útleigureglur fyrir félagsheimili Snæfellsbæjar.
- 18) Ráðning forstöðumanns Jaðars. Ráðningarsamningur lagður fram á fundinum.
- 19) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 26. september 2023
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Meningarnefnd fundur 219
12 september 2023
Áthugasofa kl 17:00

Mættar eru Ingunn Ýr, Kristín Arnfjörð, Hafdís Rán og Helga.

Dagskrá:

1. Tónleikar:

- Umræður um komandi tónleika, staðsetningu og dagsetningu í október.

2. Ljósmyndasamkeppni - framlengdur frestur.

3. Pakkhúsið- Hollvinafélag - Bréf til bæjarstjórnar ásamt skýrslu til umræðu:

- Svar bæjarstjórnar rætt sem og safnastarfsemi bæjarfélagsins. Frekari umræður á næstunni.

4. Bókasafn:

- Ingunn Ýr og Helga hitta fulltrúa bæjarstjórnar Auði og Margréti Sif á næstu dögum þar sem hugmyndum nefndarinnar verður komið á framfæri varðandi bókasafnið.

5. Viðburðir í Pakkhúsi (á eftir að fá nafn):

- Nefndin stefnir á að halda tvo viðburði daganna 29 og 31 okt í Pakkhúsinu í tilefni hrekkjarvöku,
- Auglýst síðar

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt

Fundi slitið 18:00.

Íþróttta- og Æskulýðsnefnd

100. fundur – 30. ágúst 2023 kl 17.30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir
Margret Vilhjálmsdóttir
Margrét Eva Einarsdóttir
Aron Baldursson
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi)

Patryk Zolobow forfallaðist rétt áður en fundur hófst og ekki tókst að boða varamann.

Formaður setti fundinn.

1. Fundur með Heilsueflandi samfélagi.
Kristfríður upplýsti nefndina um nýafstaðinn fund með Heilsueflandi samfélagnefndinni.
2. Hugmyndavinna fyrir íþróttaviku Evrópu.
Íþróttavika Evrópu er á næstunni og er Kristfríður byrjuð að undirbúa hana.
3. Starfsmannamál í félagsmiðstöð.
Búið er að leysa starfsmannamál fyrir félagsmiðstöðina í vetur og opnar hún í næstu viku.
4. Tímatafla ungmennafélagsins tilbúin.
Ungmennafélagið er búið að setja upp tímatöflu fyrir þær greinar sem verða í vetur. Mikil vinna var lögð í að hafa starfið fjölbreytt og reyna að ná til hóps sem hingað til hefur ekki fundið sig í íþróttum. Til þess að nýta húsið betur vilja þau auka rútuferðir svo að hægt sé að æfa á kvöldin líka. Verður það rætt á næsta bæjarstjórnarfundum þegar ungmennafélagið mætir og tekur samtalið.
5. Framtíð kvennaboltans.
Jákvæð þróun að ungir konur muni geta spilað fótbolta hér í framtíðinni. Ungmennafélagið hefur fengið góðar undirtektir og nokkrir sem hafa boðið sig fram að hjálpa.

Fundi slitið kl 19.00

Fundargerð

1. fundur nefndar um bókasafn Snæfellsbæjar og framtíðarsýn þess

25. september 2023

Fundur settur kl 17:00 á bókasafni Snæfellsbæjar í Ólafsvík.

Mættir voru: Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Margrét Sif Sævarsdóttir og Auður Kjartansdóttir.

Fundarritari: Auður Kjartansdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum í apríl sl. að skipa nefnd til að fjalla um málefni bókasafns Snæfellsbæjar í kjölfar bréfs frá menningarnefnd um málefnið. Það er hlutverk nefndarinnar að móta hugmyndir að breytingum á bókasafninu og framtíðarsýn fyrir það. Auður og Margrét Sif eru fulltrúar bæjarstjórnar í hópnum og Ingunn Ýr og Helga fulltrúar menningarnefndar.

Á fundinum var m.a. rædd öll þau tækifæri sem eru fyrir hendi til að efla bókasafnið og gera það að aðlaðandi menningarrými fyrir alla íbúa til að koma og heimsækja.

Nefndin var sammála um að það er hægt að gera mjög margt til að bæta aðstöðuna á bókasafninu sem væru ekki kostnaðarsamar og auðvelt væri að framkvæma. Nefndin telur mikilvægt að lagt sé áherslu á að taka til á bókasafninu sem fyrst, rýmin séu endurskipulögð og aðstaðan gerð meira aðlaðandi. Koma þarf upp betri aðstöðu fyrir bókasafngesti til að setjast niður og gera safnið meira barnvænt og lifandi.

Þá leggur nefndin til að það verði fært meira líf í bókasafnið með því að bjóða uppá lifandi starfsemi þar líkt og gert er víða um land sem myndi draga fjölskyldur og einstaklinga að en fjölbreytt starfsemi á bókasöfnum er mikilvæg fyrir samfélagið. Sem dæmi er hægt að hafa mismunandi áherslur hverju sinni, stundum sé í boði að koma og perla eða púsla, og aðrir dagar þar sem væru bókakynningar, upplestur, spilakynningar o.s.frv. Í því samhengi er mikilvægt að virkja samfélagsmiðla Snæfellsbæjar og auglýsa þá starfsemi sem færi fram á bókasafninu hverju sinni.

Nefndin ræddi einnig framtíðarsýn bókasafnsins og voru eftirfarandi hugmyndir ræddar:

- Sameining skólabókasafns og bókasafns Snæfellsbæjar.
- Nýtt húsnæði undir bókasafnið.
- Skoða hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að tryggja aðgengi fyrir alla að núverandi bókasafni.

Að lokum vill nefndin taka fram að hún leggur áherslu á og mælir með við bæjarstjórn að tekið verði til hendinni í núverandi húsnæði og það gert meira aðlaðandi, og sjái hvernig tekst til að hafa lifandi og fjölbreytta starfsemi á bókasafninu áður en framtíðarsýn fyrir bókasafnið er mótuð nánar. Bókasöfn í nútímasamfélagi með öflugra starfsemi og fjölbreytta afþreyingu eru

mikilvægur liður í fjölbreyttri menningar- og fræðslustarfsemi samfélaga og geta auðgað samfélagið.

Fundi slitið kl 17:55.

Jeratún ehf. - kt. 501203-2030

Fundargerð

67. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn sem fjarfundur, föstudaginn 25. ágúst 2023, kl. 09:00.

Mætt: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Jónas Gestur Jónasson, lögg. endurskoðandi.

Formaður setti fund og gengið var dagskrár.

1. **Árshlutauppgjör jan.-júní 2023**
Sex mánaða milliuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 lagt fram og kynnt.

Árshlutauppgjör samþykkt samhljóða.


2. **Greiðsluáætlun**
Lögð fram greiðsluáætlun vegna áráanna 2023-2026.


3. **Önnur mál**


- a) Jónas Gestur mun vinna minnisblað fyrir stjórn Jeratúns ehf. um framtíðarrekstur og endurgreiðslu hlutafjár.
- b) Stjórn óskar eftir viðhaldsáætlun frá FSN. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir henni.
- c) Lagður fram reikningur frá Rafgrund ehf. vegna lagnavinnu í FSN. Stjórn Jeratúns samþykkir að greiða hann.


Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 09:33.


Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson


Kristinn Jónasson


Björg Ágústsdóttir


Sigurlaug R. Sævarsdóttir



BREIÐAFJARÐARNEFND

216. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. ágúst 2023, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, og Valdís Einarsdóttir.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Sigurður Halldór Árnason, Arnar Kristjánsson, og Magnús A. Sigurðsson forfölluðust.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.35.

1. Fundargerð 215. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 215. fundar nefndarinnar frá 15. maí 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Svar Stykkishólmsbæjar vegna deiliskipulagstillögu fyrir hafnarsvæði við Skipavík í Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd gerði umsögn í júní 2023 vegna deiliskipulagstillögu fyrir hafnarsvæði við Skipavík í Stykkishólmi. Svar barst frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi 10. júlí.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar sveitarfélagsins Stykkishólms.

3. Umhverfisstofnun - Gögn og mögulegar aðgerðir vegna skipsins Blíðu

Breiðafjarðarnefnd veitti umsögn til Umhverfisstofnunar árið 2022 í tengslum við aðgerðir vegna skipsins Blíðu sem sökk á Breiðafirði árið 2019.

Umhverfisstofnun sendi Breiðafjarðarnefnd upplýsingar um stöðu mála 5. júní.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar for yfir málið með fulltrúum Breiðafjarðarnefndar. Í kjölfarið kynnti Breiðafjarðarnefnd sér nýjustu gögn Umhverfisstofnunar.

4. Rannsókn um framandi tegundum í höfnum við Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd ákvað á síðasta fundi í maí að hefja formlega samstarf við Náttúrustofu Suðvesturlands, sem mun framkvæma rannsókn á framandi tegundum í nokkrum völdum höfnum Breiðafjarðar.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Afgreiðsla:

Starfsmaður lagði fyrir Breiðafjarðarnefnd þjónustusamning milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Suðvesturlands sem undirritaður var 13. júlí.

5. Fundur umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Breiðafjarðarnefnd fékk fundarboð 30. maí frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Tilefni fundarins, sem haldinn var 1. júní, var tillaga til þingsályktunar um eflingu landvörslu. 274. mál, <https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0277.pdf>.

Afgreiðsla:

Formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, mætti á fund umhverfis- og samgöngunefndar. Hún gerði grein fyrir mikilvægi landvörslu á Breiðafjarðarsvæði.

Erla lagði áherslu á að landvarsla gangi almennt best þegar hún er unnin í náninni samvinnu við stofnanir, sveitarfélög og aðra heimaaðila á því svæði sem hún fer fram.

6. Vettvangsferð 2023 – Dagskrá

Breiðafjarðarnefnd leggur lokahönd á undirbúning fyrir vettvangsferð sína í lok ágúst.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar og Arnar Kristjánsson undirbjuggu í sumar dagskrá vettvangsferðar, sem farin verður 28. ágúst 2023. Breiðafjarðarnefnd ræddi og samþykkti dagskrána á fundinum.

Starfsmaður mun halda klára undirbúningsvinnu og sendir öllum þátttakendum nánari upplýsingar um ferðina þegar nær dregur.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður daginn eftir vettvangsferðina, 29. ágúst 2023, í ráðhúsi Stykkishólms.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.50.



BREIÐAFJARÐARNEFND

217. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 28. og 29. ágúst 2023, í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Karl Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson og Valdís Einarsdóttir.

Sigurður Halldór Árnason forfallaðist 28. ágúst en mætti á fund 29. ágúst. Arnar Kristjánsson mætti á fund 28. ágúst en forfallaðist 29. ágúst.

Forföll: Arnheiður Jónsdóttir og varamaður hennar forfölluðust.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Fyrri hluti fundar Breiðafjarðarnefndar - 28. ágúst

Formaður setti fund kl. 18.10.

Sigurður Þórólfsson, fyrrverandi fulltrúi í Breiðafjarðarnefnd, lést sunnudaginn 20. ágúst. Breiðafjarðarnefnd minntist Sigurðar Þórólfssonar, sem var fulltrúi Breiðafjarðarnefndar til margra ára. Breiðafjarðarnefnd sendir fjölskyldu Sigurðar samúðarkveðjur.

1. Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun – Staða verkefnis

Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun skilaði áfangaskýrslu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í lok júní. Breiðafjarðarnefnd hefur fengið leyfi frá formanni stýrihóps til að kynna sér skýrsluna.

Afgreiðsla:

Fulltrúar Breiðafjarðarnefndar lásu áfangaskýrslu á fundinum og ræddu hana. Umræða hélt áfram á síðari hluta fundarins, þar sem nefndin ákvað að taka saman nokkrar ábendingar.

Fyrri hluta fundar slitið kl. 19.45.

Seinni hluti fundar Breiðafjarðar – 29. ágúst



Formaður setti fund kl. 9.00.

2. Fundargerð 216. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 216. fundar nefndarinnar frá 15. ágúst 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

3. Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðróun – Staða verkefnis - Framhald

Breiðafjarðarnefnd ræddi áfram um áfangaskýrslu stýrihóps um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaðróun.

Afgreiðsla:

Nefndin kom sér saman um nokkrar ábendingar sem hún ætlar að senda formanni stýrihópsins.

4. Landslagssamningur Evrópu

Landslagssamningurinn var gerður á vettvangi Evrópuráðsins árið 2000 en var fullgiltur á Íslandi árið 2020. Markmið samningsins er að efla verndun, nýtingu og áætlanir um landslag, og að skipuleggja evrópska samvinnu um málefni varðandi landslag.

Samningurinn gildir um allt yfirráðasvæði aðildarríkja og nær til ósnortins lands, þéttbýlis, dreifbýlis og umhverfis borga. Hann tekur einnig yfir innri og skipengar vatnaleiðir og sjávarsvæði auk þess sem samningurinn gildir hvort sem landslag kunni að teljast framúrskarandi, hversdagslegt eða niðurnítt.

Landslagssamningurinn er aðgengilegur [hér](#).

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi landslagssamning Evrópu í ljósi verndunar Breiðafjarðar. Tilgangur laga 54/1995 um vernd Breiðafjarðar er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum [landslags](#), jarðmyndan, lífríkis og menningarmínja.

Íslenska ríkið hefur ekki innleitt breytingar í löggjöf sína og ekki gripið til aðgerða eins og aðildarríki samningsins eiga að gera.

Breiðafjarðarnefnd mun skoða landslagssamninginn betur milli funda og tekur málið aftur upp á næsta fundi.

5. Deiliskipulag vegna hótels í landi Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd veitti umsögn árið 2022 um deiliskipulag vegna hótels í landi Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Breiðafjarðarnefnd barst tilkynningu 15. ágúst um að deiliskipulagið hefði verið staðfest og nú þegar tekið gildi.

Afgreiðsla:

Lagður var fram til kynningar tölvupóstur frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar.

6. Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags í landi Ljárskóga í Dalabyggð

Breiðafjarðarnefnd barst beiðni um umsögn fyrir skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags í landi Ljárskóga í Dalabyggð. Frestur við skil á umsögn er 20. september 2023.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd kynnti sér skipulagslýsingu á fundi og ræddi hana.

Starfsmaður nefndarinnar mun undirbúa drög að umsögn samkvæmt niðurstöðum umræðu og sendir þau á nefndarfólk fyrir næsta fund, þegar gengið verður frá umsögninni.

7. Gróðurannsókn Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd gerði samning við Náttúrustofu Vestfjarða um gróðurannsókn í Akureyjum og Hróteyjum á norðanverðum Breiðafirði.

Samkvæmt rannsóknaráætlun áttu gróðurathuganir að fara fram í ágúst 2023.

Afgreiðsla:

Sigurður H. Árnason, nefndarmaður og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, sagði frá stöðu verkefnis. Vettvangsvinna fór fram í byrjun ágúst og er úrvinnsla gagna hafin. Niðurstöður rannsóknar munu liggja fyrir samkvæmt áætlun í ársbyrjun 2024.

8. Rannsókn um framandi tegundum í höfnum við Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd gerði samning við Náttúrustofu Suðvesturlands í júlí um rannsókn á framandi tegundum í völdum höfnum við Breiðafjörð.

Samkvæmt rannsóknaráætlun verður farið í vettvangsvinnu í lok ágúst 2023.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sagði frá stöðu mála. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum stent títímaáætlun verkefnisins en starfsmanni nefndarinnar var falið að setja sig í samband við náttúrustofuna til að kanna stöðu verkefnis betur fyrir næsta fund.



9. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd byrjaði undirbúning að gerð framkvæmdaáætlunar til ársins 2025 á fundi sínum 14. mars.

Ákveðið var í mars að ræða málið áfram á næsta staðfundi.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi gerð framkvæmdaáætlunar á fundi og samþykkti nokkrar áherslur sem hafa verið mikilvægar í vinnu Breiðafjarðarnefndar frá skipun núverandi nefndar árið 2021. Ákveðið var að setja nefndinni stefnu í kringum þær áherslur og vinna stöðugt áfram með þær að leiðarljósi.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbýr drög að framkvæmdaáætlun í samræmi við umræður á fundinum og sendir þau á nefndarfólkið.

10. Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð

Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð hefur verið í ferli síðan 2021.

Afgreiðsla:

Náttúrustofa Vesturlands og Náttúrustofa Vestfjarða vinna að endurskoðun verndunaráætlunar fyrir Breiðafjörð.

Sigurður Árnason, nefndarmaður og forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, sagði frá stöðu endurskoðunarvinnunnar. Sigurður mun ræða stöðu og framhald verkefnis við forstöðumann Náttúrustofu Vesturlands og mun upplýsa Breiðafjarðarnefnd um stöðuna á næsta fundi.

11. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður 18. september 2023, kl. 13.00 á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

Fundargerð 932. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 8. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Rósa Guðbjartsdóttir.

Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 931. fundar - 2301014SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 931. fundar stjórnar sambandsins frá 22. júní 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 20. og 21. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 7. júní og 16. ágúst 2023.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA

Lögð fram fundargerð 147. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. júní 2023.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lagðar fram fundargerðir 87., 88. og 89. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. júní, 3. júlí og 28. ágúst 2023.

5. Staða kjaramála - 2301032SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 6. september 2023, um stöðu kjaramála í september 2023.

6. Kjarasamningar - 2301032SA

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla, dags. 18. ágúst 2023, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 30. ágúst 2023 um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrirbyggjandi kjarasamninga við Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í leikskólum og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

7. Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga - 2302012SA

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, kynnti dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2023.

Inga Rún Ólafsdóttir vék af fundi kl. 13:05.

8. Stafrænt samstarf sveitarfélaga - 2301044SA

Lilly Dan sérfræðingur frá Færeyjum kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stafrænni framþróun ríkis og sveitarfélaga þar í landi..

Stjórn sambandsins þakkaði Lilly Dan fyrir virkilega áhugaverða og gagnlega kynningu.

9. Málefni hælisleitenda - flóttafólks - 2308008SA

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. ágúst 2023, um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Stjórn sambandsins ítrekar þá afstöðu sem sambandið hefur talað fyrir undanfarnar vikur um að sveitarfélögum sé hvorki heimilt né skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð, sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins í kjölfar synjunar á umsókn viðkomandi um alþjóðlega vernd skv. útlendingalögum.

10. Afsláttur af árskortum í líkamsrækt til íbúa sveitarfélags - 2308015SA

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga til innviðaráðuneytisins, dags. 21. ágúst 2023, um afslátt af líkamsræktarkortum til íbúa sveitarfélags.

Stjórn sambandsins felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með innviðaráðherra til þess að ræða niðurstöðu álits ráðuneytisins í máli nr. IRN22010877. Mikilvægt er að skýra hvað sé heimilt við gjaldtöku og/eða veitingu annars konar ívilnana gagnvart íbúum sveitarfélaga.

Stjórn leggur jafnframt áherslu á gott og þétt samstarf við innviðaráðuneytið þegar álitaefni koma upp sem tengjast sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og heimildum þeirra til þess að þjónusta íbúa sína.

11. Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027 - 2308027SA

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2023, um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027.

12. Umsögn um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára - hvítbók um húsnæðismál - 2309006SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 5. september 2023, um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál), mál nr. S-139/2023.

Að áliti sambandsins er hvítbókin til þess fallin að styðja við markvisst samstarf ríkis og sveitarfélaga um framþróun húsnæðismarkaðar um land allt á grundvelli rammisamnings um húsnæðismál. Það er mikilvægt að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, séu samtaka í þeirri vegferð sem er framundan við að tryggja nægt framboð íbúðarhúsnæðis um allt land og fyrir alla hópa fólks. Engu að síður telur

sambandið rétt að áréttu mikilvægi þess að fyrir liggi með skýrum hætti hvaða mögulegar kvaðir tilvitnaðar aðgerðir í hvítbók kunna að leggja á herðar sveitarfélaga og að fjármögnun verði tryggð til frambúðar til að ná fram markmiðum hvítbókar og þeirra aðgerða sem þar eru útlustuð.

13. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda - 2206028SA

Lögð fram skýrsla starfshóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Stjórn sambandsins tekur undir tillögur stýrihópsins sem leggur til að Barna- og fjölskyldustofa beri ábyrgð á fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Mikilvægt er að samkomulag um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda verði flýtt eins og kostur er.

14. Tilnefning í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - 2305019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 28. júní 2023, þar sem Rósa Steingrimsdóttir er tilnefnd í eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

15. Tilnefning í starfshóp um laga- og reglugerðabreytingar um þjónustu vegna ofbeldis á konum - 2306020SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 30. júní 2023, þar sem Póra Kemp, hjá Reykjavíkurborg og Tómas Ingi Adolfsson, hjá Reykjavíkurborg, eru tilnefnd í starfshóp um laga- og reglugerðabreytingar um þjónustu vegna ofbeldis. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

16. Tilnefning í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna - 2306022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. júlí 2023, þar sem Alexandra Briem, borgarfulltrúi í Reykjavík, og Kristinn Jón Ólafsson, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í stjórn Nýsköpunarsjóð námsmanna. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

17. Tilnefning í stýrihóp um heildarendurskoðun almannavarnalaga - 2306017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2023, þar sem Jón Björn Hákonarson, fv. bæjarstjóri Fjarðabyggðar, er tilnefndur sem aðalmaður í stýrihóp um heildarendurskoðun almannavarnalaga, og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, til vara.

18. Tilnefning í byggðamálaráð - 2308002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 2023, þar sem Arnar Pór Sævarsson, framkvæmdastjóri sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í byggðamálaráð, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.

19. **Tilnefning í starfshóp um feril kostnaðarmats - 2308007SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2023, þar sem Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri á fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um feril kostnaðarmats.
20. **Tilnefning í stýrihóp verkefnanna Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og frístund - 2304021SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 31. ágúst 2023, þar sem Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp verkefnanna Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og frístund.
21. **Umsögn um reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli - 2306012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. júní 2023, um drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli, mál nr. S-100/2023.
22. **Umsögn um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - 2307017SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 20. júlí 2023, um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038, mál nr. S-112/2023.
23. **Umsögn um reglugerð um netöryggisráð - 2307012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2023, um reglugerð um netöryggisráð, mál nr. S-122/2023.
24. **Umsögn um tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis - 2307013SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2023, um tillögu um formgerð samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggi, mál nr. S-123/2023.
25. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða - skipan svæðisráða o.fl. - 2308003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 2023, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða (skipan svæðisráða o.fl.), mál nr. S-132/2023.
26. **Umsögn um áform um breytingar á persónuverndarlögum - 2308011SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. ágúst 2023, um áform um breytingar á persónuverndarlögum, mál nr. S-142/2023.

27. Umsögn um starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu - 2308013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2023, um starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu, mál nr. S-119/2023.

28. Ályktanir Íþróttapings ÍSÍ - 2308033SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá 75. Íþróttapingi ÍSÍ sem fram fór að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5.-6. maí 2023, þar sem ríki og sveitarfélög er hvött til að gera íþróttahreyfinguna að lykilatriðum í að hvetja þjóðina til að auka við hreyfingu og taka þannig beinan þátt í að bæta lýðheilsu sína. Einnig er ríki og sveitarfélög hvött til og halda áfram vinnu við uppbyggingu þjóðarleikvanga fyrir sem flestar íþróttagreinar þannig að áfram verði hægt að keppa í alþjóðlegum viðburðum á Íslandi. Jafnframt eru þau hvött til þess að vinna að því að sérsambönd ÍSÍ hafi aðgang að aðstöðu fyrir öll sín landslið og afreksíþróttafólk.

Fundi var slitið kl. 14:45

Fundargerð 933. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, mánudaginn 18. september kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sat fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA

Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýju skipuriti fyrir Sambands íslenskra sveitarfélaga sem var unnið í samvinnu við DecideAct.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram m.v. umræður á fundinum.

Formanni og Margréti Sanders falið að yfirfara starfskjarastefnu sambandsins.

2. Heiðursmerki sambandsins - 2309022SA

Formaður lagði til að veita tveimur einstaklingum heiðursmerki sambandsins.

Stjórn samþykkti tillögu formanns.

Fundi var slitið kl. 14:30

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@sylumenn.is>
Sent: föstudagur, 1. september 2023 13:20
To: Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Ragnar Már Ragnarsson; 'Heilbrigdiseftirlit Vesturlands'; Slökkvilið Snæfellsbæjar; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is'
Subject: Umsagnarb.rek. G.II-Móar 4, Móar 4, Arnarstapa, Breiðuvíkurrepp, Snæfellsbæ
Attachments: Umsagnarb.rek.G.II-Móar 4, Móum 4, Arnarstapa,Snæfellsbæ_2023048525.pdf; teikning_utisvaedi_2023-08-29.pdf; teikning_husnaedi_2023-08-29.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist Rafræn umsókn Mínu sf kt.660210-0160, um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, sem rekið verður sem Móar 4 að Móum 4 (F2223402), Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Hjálagt fylgja teikning og umsagnarbeiðni.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,
Daðey.

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sylumenn \(island.is\)](http://Sylumenn.island.is)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2023-048525
Akranesi, 1. september 2023

Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

Umsækjandi: Mína sf., kt. 660210-0160, Keflavíkurgötu 3, 360 Hellissandi,
Forsvarsmáður: Stefán Jónsson, kt. 130860-5839, Mánabraut 11, 300 Akranesi. **Sími:** 8944179.
Netfang: stefj@talnet.is

Tegund umsóknar: - Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H-frístundahús

Heiti staðar: Móar 4,
Staðsetning: Móar 4, Arnarstapa,
Breiðvíkurhrepp,
356 Snæfellsbæ


Heiti fasteignar: Móar 4	Fasteignanúmer: F2223402	Rýmisnúmer: 010101	Hámarksfjöldi gesta: 4
------------------------------------	------------------------------------	------------------------------	----------------------------------


Hámarksgestafjöldi: 4 gestir.



Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnáskilgáttar nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álitu að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi


Döey Þóra Ólafsdóttir,
Sviðsstjóri þjónustusviðs






MÓAR 4, ARNARSTAPA
SNEFELLSBYGGÐ

Sumarhúsið er vörð þrjú þór úr hinni, lænder fimburlandi þriggja að utan. A þakku verða þakkar stíð þakur á þakkeppu, fimburlandi þriggja og fimburlandi þriggja. Þakkið 36°. Eignirni í þakki verður a.m.k. 150 mm. Veggrind verður úr 50 x 125 mm klæddur að utan með ottsóðnu feil (vengþefling) og fimburlandi þriggja á 25 mm stöllum til að tryggja loftslutun á milli teikna og klæðingarráttar. Eignirni í veggjum verður 125 mm stöllum. Gólfþak verður 50 x 150 mm með 600 mm málálf þakki á 3 dregum, langs undir húðinu, genda úr 2 x 50 x 200 bláum. Gólfþak verður festur á dregum með MSF vaxum. Dregarnir eru bundar saman með góðstærnum og 12 mm botnum með 500 mm málálf á viti. Eignirni á milli genda skal vera 150 mm stöllum, þakki, öðru á öðru og 25 x 25 mm stöllum með á gólfum. Undirstöður eru stýptar súlur a.m.k. 300 mm í þvermál. 100 Hagkvæmdóttir þakki 10 mm x 80 mm með ottsóðnum kambstærnum stöllum setti í milli og stýpt þakki. Þakki með kambstærnu stöllum vera a.m.k. 600 mm raður í stöppum. Dregar stöllum falla á milli flögumanna og skal 16 mm bofi ganga í gegnum flögumanna og dregarnir.

Samþykkt á fundi byggingarinnar
 þann 07. Okt. 1994
 Byggingarfulltrúi
 Sveinbjörn og Elín Þorvaldsson



SUMARHÚSABÚSTADUR, MÓAR 4
 ARNARSTAPA
 GRUNNMÝND, SKURDUR, AFSÞÖÐUMÝND
 1:50 1:1000
 SEPT. '94
 MARI S. JÓHANSSON
 MARIKSTOFA
 MENNIGERÐI 18, 300 AKRANES, SMÍ 93-14210

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar.

Efni: Listaverkið Gleði.

Kvenfélag Ólafsvíkur hefur að undanförunu verið að vinna við, að kaupa og koma upp listaverki við Gilið. Verkið á að minna á, að senn eru 75 ár frá stofnun KÓ. og þess að Kvenfélagið stóð fyrir stofnun og reksturs leikvallar og síðan leikskóla fyrir börn í Ólafsvík fyrir næstum 50 árum.

Erindi okkar við ykkur bæjarstjórn núna, er að kanna hvort bæjaryfirvöld vilji koma að uppsetningu verksins á lóðinni með kvenfélaginu, sem felst í því að steypa undirstöðu undir verkið og ganga frá umhverfinu í samræmi við óskir bæjarins. Líkan af verkinu er hjá tæknifræðingi

Við viljum benda á að það sem okkur Kvenfélagskonum finnst vinnast með uppsetningu verksins í viðbót við að minnast tímamóta er:

Að ákveðin menningarverðmæti felast í listaverkinu það er eftir heimsfrægan listamann og kallast á við minnismarkið við kirkjugarðinn.

Bæjarstjóri nefndi í fréttatíma í sjónvarpinu nýlega að „gleðigatan“ við kirkjuna og kossaskiltið væru mest mynduð af öllu hjá túristum sem hingað koma. Gleði getur orðið viðbót við þessa staði ef vel tekst til.

Listaverkið er minnismarki um konur, kraft þeirra og áræði við að koma upp leikvelli, síðan leikskóla svo konur sem þess þurftu gætu farið út á vinnumarkaðinn.

Minnismarki um sjálfböðavinnu og fórnfýsi kvenfélagskvenna sem lagt hafa ótal margt til samfélagsins

Kvenfélag Ólafsvíkur er menningar og líknarfélag, að þessu sinni vilja þær leggja fram stóran skerf til menningar sem veitir gleði, enda nefnist verkið gleði. Þess má geta að nemendur leikskólans hafa sett mark sitt á það með því að skrifa stafina sem meitlaðir verða í yfirborð steinanna

Áætlaður kostnaður við verkið er 13.000.000. Þar af er kaup á verkinu 9.000.000. Listamaðurinn hefur verið mjög samvinnuþýður og gefið okkur afslátt af verkinu, hann hefur gefið okkur þann tíma sem við höfum þurft til að afla fjár og ganga frá okkar málum varðandi verkið. Látum fylgja með þessu bréfi áætlun sem Ragnar M Ragnarsson tæknifræðingur vann vegna undurstöðunnar, ásamt bréfi okkar til bæjarstjórnar frá því í október 2022 þar sem við sækjum um styrk. Ef bæjarstjórnarmenn vilja fá nánari upplýsingar um verkið og uppsetninguna erum við nefndarkonur tilbúnar til svara á fundi eða bréflaga.

Ólafsvík 12.09 2023.

Steiney K. Ólafsd.
Júní Jónsdóttir
Kristín Ólafsdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

c/o Kristinn Jónasson

Ólafsvík 25. október 2022

Efni: Umsókn um styrk vegna fjárhagsáætlunar 2023

Kvenfélag Ólafsvíkur sækir hér með um að Snæfellsbær sjái um að byggja undirstöðu minnismerkis og frágang umhverfis það, sem félagið fyrirhugar að reisa í Ólafsvík. Verkið er eftir Sigurð Guðmundsson listamann. Kvenfélagið hefur nú þegar fengið vilyrði fyrir lóð undir verkið. Listaverkið *Söknuður* eftir Sigurð er hér í Ólafsvík og segja má að með því að fá þetta listaverk hans sem nefnist *Gleði* að þar kallist á þessar tilfinningar sorg og gleði.

Kveikjan að hugmynd um að fá þetta listaverk:

Kvenfélag Ólafsvíkur stofnaði útileiköll í Ólafsvík árið 1956 fullbúinn leiktækjum og öllum þeim búnaði er til þurfti og rak hann í 4 ár, þar til félagið afhenti Ólafsvíkurhreppi leikvöllinn. Svo árið 1972 stofnaði Kvenfélag Ólafsvíkur leikskóla, eftir 3ja ára undirbúningsvinnu, með öllum búnaði er til þurfti og sá alfarið um rekstur hans í 2 ár! Þá tók Ólafsvíkurhreppur við rekstri leikskólans Krílakots. Og nú, eftir þessa frábæru og mögnuðu sögu Kvenfélags Ólafsvíkur og leikskólans Krílakots, til 50 ára, langar félaginu til þess að minnst þessarar farsælu sögu með því að láta reisa minnisvarða um hana hér í Ólafsvík. Þetta tengist einnig baráttusögu kvenna.

Listaverkið:

Stærð undirstöðu sem um er rætt er 6 x 9,4m. Yfirborð þess skal vera gult og þ.a.l. þarf að setja gulan sand í steypuna. Tröppur eru við framhlið undirstöðunnar sem er að hluta trapisulöguð. Tólf steinsúlur mynda listaverkið og eru þær misháar, frá 40cm til 1.90m. Á steinsúlunum eru inngreipt orðin gleði eða framtíð og hafa börn á Leikskólanum Krílakoti skrifað stafina. Í kringum þessi orð er málað með skærum litum. Undir hverja steinsúlu þarf að steypa 40 cm háan ferkantaðan pall. Listaverkið á að vera upplýst og einnig er hugmyndin að hljóð heyrast ef fólk kemur nálægt listaverkinu, þ.e. hávæð barnshlátur.

Meðfylgjandi er mynd af líkani listaverksins til að gefa gleggri mynd af því hvernig þetta muni líta út.

Ragnar Már Ragnarsson byggingafulltrúi hefur fundað með okkur og er með myndir af verkinu og mun hugsanlega geta gert kostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar.

Með von um jákvæðar undirtektir

F.h. Kvenfélags Ólafsvíkur

Steiney Kr. Ólafsdóttir

Ester Gunnarsdóttir

Kristín Vigfúsdóttir

Elfa Ármannsdóttir

Snæfellsbæ 20. september 2023

Ágæta bæjarstjórn

Hér með óskar Félag eldri borgara í Snæfellsbæ eins og áður eftir niðurfellingu á leigu fyrir Félagsheimilið á Klifi vegna afnota fyrir jólabasar sem þar fer fram sunnudaginn 26. nóvember 2023.

Með fyrirfram þökk

Fyrir hönd basarnefndar

Gíslný Guðbjörnsdóttir

Hrefna Guðbjörnsdóttir

L. Guðrún Víglundsdóttir

Lára Kristinsdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð
360 Snæfellsbæ

Meðfylgjandi ályktun var samþykkt á aðal safnaðarnefndarfundi Ólafsvíkirkirkju sem haldin var í Safnaðarheimili Ólafsvíkirkirkju mánudaginn 18. september 2023.

„Mikil umræða hefur verið á meðal bæjarbúa um framtíð líkhúss bæjarfélagsins við Hjarðartún. Ekki síst eftir að spurðist út að bæjarstjórn Snæfellsbæjar sé ekki hlynnt áframhaldandi rekstri þess og beina starfseminni sem þar fer fram í önnur bæjarfélög. Sjá afgreiðslu síðasta fundarbæjarstjórnar frá 7. september sl. sem hljóðar svo

„Bæjarstjórn telur að ekki sé forsvaranlegt að fara í fjárfrekar framkvæmdir við húsið á meðan ekki er fyrirséð hver eða hverjir munu koma til með að síá um um þá þjónustu sem veita þarf. Bæjarstjórn bendir á bendir á að þessa þjónustu er hægt að sækja í Stykkishólm.“

Við á þessum fundi erum á einu máli um að það yrði mikil afturför að loka þessari þjónustu og vísa henni í önnur bæjarfélög.

Það er sannarlega meiri reisin og virðing við þau, sem lögð eru upp í sína hinnstu för að svona þjónusta sé í boði hér í bæjarfélaginu við sómasamlegar aðstæður. Því miður er hæpið að segja að þær aðstæður séu fyrir hendi í okkar húsi, eins og málum er háttað nú þar sem að viðhaldi hússins er mjög ábóta vant. Ítrekað hefur verið óskað eftir að viðgerðir fari fram og bréf sent þar um fyrir fárhagsáætlun hjá Snæfellsbæ en ávalt komið neitun.

Aðalfundurinn skorar því hér með á bæjarstjórn Snæfellsbæjar að láta fara fram endurbætur á líkhúsi bæjarins hið firsta“.



Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Björn H. Hilmarsson
forseti bæjarstjórnar

17. september 2023

Málefni: Framtíð strandveiða

Lokadagur strandveiða 2023 var 11. júlí. Tímabilið frá 2. maí taldi aðeins 39 daga sem heimilt var að stunda veiðarnar. Leyfilegir strandveiðidagar samkvæmt veiðileyfi sem gilti maí - ágúst voru hins vegar 68. Veiðileyfið gilti því aðeins 57% af þeim tíma sem það kvað á um.

Eftirfarandi ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða varð þess valdandi að veiðar voru stöðvaðar:

„Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla, að ufsa undanskildum, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar fyrir hvert ár.]²“

Það er eindregin ósk stjórnar Snæfells að bæjarstjórn Snæfellsbæjar lýsi stuðningi við ósk félagsins til Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem felur í sér að tilvitnað ákvæði verði fellt brott. Á þann hátt væri eytt allri óvissu um framtíð strandveiða, þær yrðu heimilaðar 12 daga í mánuði tímabilið maí – ágúst í alls 48 daga.

Alls réru 750 bátar til strandveiða á sl. sumri. Veiðiferðir voru um 15 þúsund sem skilaði um 11 352 tonnum til löndunar í nánast öllum höfnum landsins. Aflaverðmæti á strandveiðum 2023 nam 4,6 milljörðum.

Fjöldi landana hér í Snæfellsbæ voru 2 603 og afli 2 152 tonn. Áætlað aflaverðmæti nálægt 900 milljónum. Á Arnarstapa nýttu 54 bátar sér hafnar og löndunaraðstöðunar, á Rífi 53 og í Ólafsvík 65 bátar.



Samkvæmt ákvæði laga um stjórn fiskveiða er eins og fram hefur komið heimilt að stunda strandveiðar í 4 mánuði á ári hverju, maí, júní, júlí og ágúst, að hámarki 12 daga í hverjum mánuði. Hver bátur má hafa 4 handfærarúllur til að veiða alls 774 kg af þorski á 14 klst. mælt úr og í höfn. Óheimilt er að stunda veiðar á föstudögum, laugardögum og sunnudögum auk rauðra daga. Jafnfram bætast við takmarkanir sem rekja má til náttúrulegra aðstæðna, veður og fiskgengd á grunnslóð.

Einn megin kostur strandveiða er að þær gefa hverjum og einum landsmanni tækifæri til að stunda veiðar í atvinnuskyni án þess að þurfa að kaupa þann rétt af þeim sem hafa aflahlutdeild. Með ákvæðinu er að nokkru uppfyllt athugasemd sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gerði við stjórn fiskveiða hér á landi þann 24. október 2007.

Fullyrða má að engum íbúa Snæfellsbæjar dylst hversu mikilvægar strandveiðar eru fyrir bæjarfélagið. Þjónusta er keypt, allt iðar af lífi í höfninni, jákvæðni og bros skín úr hverju andliti þegar glansandi ísidrifnum þorskinum er landað.

„Bæjarstjórinn á Höfn í Morgunblaðinu 14. september sl.: „Með strandveiðum fjölgaði smábátum sem gera út frá Hornafirði í 20 og segir Sigurjón þetta hafa verið mikilvæga viðbót fyrir atvinnulífið. „Þetta hefur aukið fjölbreytnina í atvinnulífinu og hliðaráhrfin af strandveiðunum eru mjög jákvæð á þessu svæði. Það eru nokkrir aðilar sem hafa haldið áfram eftir að strandveiðum lauk., komist yfir heimildir í ufsa Við teljum að það þurfi að byggja strandveiðarnar upp og þróa áfram. Ég held að samfélög víðs vegar um landið njóti vel af strandveiðum á fjölmargan hátt og strandveiðar munu áfram skipta samfélagið hér heilmiklu máli.““

Hér með er óskað eftir liðsinni frá bæjarstjórn Snæfellsbæjar við kröfu Snæfells að tryggja 48 daga til strandveiða ár hvert.

Virðingarfyllst

Rauðlör J. Kristjánsson

formaður Snæfells

Reykjavík, 30. ágúst 2023

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn og nú leitum við til ykkar. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Árið 2022 leituðu 910 einstaklingar til Stígamóta sem brotaþolar kynferðisofbeldis. Þar af voru 397 að koma á Stígamót í fyrsta skipti. Síðan Stígamót voru stofnuð árið 1990 hafa um 10.000 einstaklingar leitað til okkar en síðustu ár hefur orðið mikil aukning í ásókn og rekjum við það til þess að umræða hefur opnast um kynferðisbrot og afleiðingar þess.

Lítið gekk að vinna niður biðlista en 235 einstaklingar voru á biðlista í lok ársins 2022. Við höfum bætt við stöðugildi ráðgjafa á þessu ári til að vinna niður biðlista, auk sumarstarfsfólks. Heildarfjöldi viðtala árið 2022 var 3.342 á árinu og alls voru reknir 10 sjálfshjálparhópar fyrir brotaþola ofbeldis. Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotaþola kynferðisofbeldi af öllum kynjum óháð fötlun og uppruna. Einnig veitum við aðstandendum stuðning og bjóðum upp á para- og fjölskylduráðgjöf, en í fyrra sótti jafnframt metfjöldi aðstandenda viðtöl eða 124 einstaklingar. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Árið 2022 opnaði Stígamót nýja þjónustu sem heitir *Sjúkt spjall* en það er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni 13-20 ára um sambönd, samskipti og ofbeldi. Stígamót fóru af stað með forvarnaverkefnið *Sjúk ást* fyrir tæpum sex árum síðan og var það alveg ljóst að samhliða því vantaði lágþröskuldabjónustu fyrir ungmenni þar sem þau gætu tjáð sig um reynslu sína í trúnaði. Sjúkt spjall svarar því ákalli en frá opnun í mars 2022 hafa um fimm hundruð ungmenni alls staðar af landinu haft samband, meirihlutinn vegna reynslu af ofbeldi. Þau lýsa mörg grófu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi og við sjáum líka skýrt mynstur ofbeldis í nánnum samböndum þrátt fyrir mjög ungan aldur.

Þrátt fyrir að ráðgjafarþjónusta Stígamóta sé fyrir 18 ára og eldri þá sýna tölur okkar, sem við höfum safnað í 33 ár, að 70% okkar fólks varð fyrir kynferðisofbeldi í fyrsta sinn fyrir 18 ára aldur. Það kemur okkur því ekki á óvart að mikil þörf sé fyrir Sjúkt spjall. Það er þó sláandi að sjá hvað ungmennin eiga oft erfitt með að skilgreina reynslu sína sem ofbeldi og hvað þeim þykir erfitt að segja frá í nærumhverfi sínu – þannig sitja þau oft ein árum saman í skömm, sektarkennd og þögn. Sjúkt spjall getur orðið þeirra fyrsta skref til að rjúfa einangrunina og fá aðstoð.

Rekstur Stígamóta er háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Við skorum á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Drífa Snædal

Með vinsemi og virðingu,
Drífa Snædal, talskona Stígamóta



Grundarfjörður, 20.09.2023

Snæfellsbær
Bt. bæjarstjórnar
Klettsbúð 4
360 Hellissandur

Efni: Skólaakstur við Fjölbrautaskóla Snæfellinga vorönn 2023.

Forsendur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga skipuleggur skólaakstur, semur við akstursaðila og heldur utan um umsóknir nemenda til Menntasjóðs námsmanna vegna akstursstyrkja. Skólinn sér um að greiða akstursaðilum og ef taprekstur verður af skólaakstrinum mun skólinn og sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi skipta þeim kostnaði á milli sín. Aksturskostnaður á vorönn 2023 var kr. 137.714,- á hvern akstursdag samkvæmt samningi við Rútuferðir ehf.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur að sér að skipuleggja skólaakstur og fær greitt umsýslugjald frá Menntasjóði námsmanna. Gert er ráð fyrir að umsýslugjaldið verði framlag skólans ef taprekstur verður. Umsýslugjaldið vegna vorannar 2023 kr. 4.140.000,- og rennur það óskipt sem framlag skólans.

Uppgjör

Rekstrarhalli á vorönn 2023 var kr. 6.969.511,- og var mætt með umsýslugjaldi að upphæð kr. 4.140.000,-. Eftirstöðvar, halli kr. 2.829.511,- er skipt á milli sveitarfélaganna samkvæmt eignarhluta í Jeratúni ehf.

Við bundum miklar vonir um að nemendur skólans gætu nýtt sér Strætó frá og með áramótum 2023-2024. Nú hafa þær vonir dvínað en vonandi munu sveitarfélögin á Snæfellsnesi beita sér fyrir því að almenningssamgöngur tengist skólaakstri á öllu Snæfellsnesi sem fyrst.

Rútuakstur 2023
Vorönn
Snæfellsnes

	Tekjur		Gjöld
Innborgun rútukort	1.596.300	Janúar	-2.258.510
Tekjur	1.596.300	Febrúar	-1.900.453
		Mars	-2.203.424
Umsýslugjald vor 2023, framlag FSN	4.140.000	Apríl	-1.239.426
		Mái	-963.998
Rekstrarhalli vorönn 2023	-6.969.511	Samtals gjöld	-8.565.811
Niðurstaða	-2.829.511		
Grundarfjarðarbær	-792.263		
Snæfellsbær	-1.244.985		
Sveitarfélagið Stykkishólmur	-792.263		
Samtals	-2.829.511		

Virðingarfyllt

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Skólameistari FSN

Afrit er sent til: bæjarstjórnar Grundarfjarðar og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms.



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 13. september 2023

Til stjórna sveitarfélaganna á Íslandi.

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

Skógarreitir og græn svæði innan byggðar.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1.-3. september 2023, hvetur sveitarfélögin til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni. Það er vanmetið hvað græn svæði hafa mikla þýðingu fyrir lífsgæði allra landsmanna, bæta skjól í og við þéttbýli, hvetja til útiveru, fjölskyldusamveru og stuðla að bættri geðheilsu. Jafnframt eru mikil verðmæti fólgin í grænum svæðum, bæði í trjánnum sjálfum sem og þeim áhrifum sem þau hafa á nærsamfélagið. Bæði sveitarfélög og íbúar njóta góðs af því. Enn fremur er kolefnisbinding trjágróðurs mikilvæg mótvægisáðgerð í loftslagsmálum.

Greinargerð

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif skóga og grænna svæða hvað varðar lýðheilsu, geðheilsu, útivist og hreyfingu, mengunarvarnir, skjól, vatnsmiðlun og bara fegurðarauka. Það ætti því að vera forgangsmál sveitarfélaga við skipulag að tryggja aðgengi íbúa að skógum og öðrum grænum svæðum, sem margir hafa lagt mikið af mörkum til, á löngum tíma.

Með auknum íbúafjölda þenst byggð út. Skógarreitir sem áður voru langt fyrir utan þéttbýli eða í útjaðri þess eru nú komnir alveg að því og byggðin teygir sig alveg að skóginum, meðfram honum eða utan um hann. Tilhneiging hefur verið til að horfa til slíkra svæða sem byggingarlands, sérstaklega þar sem byggð umlykur skógarreiti og verið er að vinna að þéttingu byggðar. Gengur þar með á þessi grænu svæði innan byggðarinnar. Þétting byggðar þýðir íðulega minni garðlóðir við hús en áður var venjan, sem skerðir enn frekar möguleika íbúa á því að njóta gróðurs og náttúru í nálægð við heimili sín. Með því verða sameiginleg græn svæði enn mikilvægari fyrir íbúa en áður og því þeim mun mikilvægara að standa vörð um þau svæði sem fyrirfinnast nú þegar.

Það er einlæg ósk stjórnar Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands



Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

25.09.2023

Formaður bæjarstjórnar

Björn Hilmarsson

Erindi: Stækkun á leikskólanum Krílakot:

Í maí sl. lauk vinnu Hermínu leikskólastjóra og Ragnars byggingafulltrúa Snæfellsbæjar vegna staðsetningu á viðbótarhúsi við leikskólann Krílakot ásamt breytingu á innra skipulagi. Fór sú vinna af stað í framhaldi af kynningu á stækkuninni sem fram fór á fundi bæjarstjórnar þann 10.11.2022

Við sammæltumst um að húsið yrði sett niður norðvestan megin við Krílakot. Þær breytingar sem þyrftu að eiga sér stað innan húss með tilkomu viðbótarhúsnæðis yrðu eins og hér segir: Elsta deildin færi í nýja viðbótarhúsnæðið, skrifstofa leikskólastjóra, kaffistofa og undirbúningsherbergi færi þar sem elstu börnin eru í dag. Með þessari tilfærslu væri hægt að stækka eldhúsið í leikskólanum um herbergi leikskólastjóra, vagnar og kælskápar færðu þangað inn og þar með myndu þeir ekki hindra aðgengi á ganginum (*athugasemd frá vinnueftirlitinu dagsett þann 23.01.2023 Fyrirmæli Finna skal hjólaborðum stað þannig að starfsfólk þurfi ekki að geyma þau á gönguleiðum. Allar umferðarleiðir manna og flutningstækja skulu vera greiðar og afmarkaðar. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín. Lög & reglur: 581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða gr. 3 liður 2)*



































































Einnig myndi vinnuaðstaða starfsmanna og kaffistofa aðskiljast, mikil truflun er á þessu svæði nú í dag. Foreldrar, starfsmenn og börn fara þarna um til að komast á milli eldri og nýrri hluta hússins.

(Athugasemd frá vinnueftirlitinu 23.01.2023 Fyrirmæli Tryggja skal starfsmönnum hvíld frá vinnu á kaffistofu. Lög & reglur: 581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða Gr. 31 921/2006: Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum Gr. 5). Tryggja skal næði í vinnuherbergi starfsmanna. Þar sem miklar kröfur eru gerðar til einbeitingar og samræður eigi að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að hávaði fari ekki yfir 50dB(A) að jafnaði á vinnutíma. Lög & reglur: 921/2006: Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum Gr. 5.)

Svör leikskólastjóra til vinnueftirlitisins í febrúar 2023 voru þau að viðbótarhús sem ætlað er við leikskólann Krílakot myndi leysa allar þessar athugasemdir sem gerðar voru.

Með þessu bréfi fylgir aðaluppdráttur af fyrirhugaðri stækkun Krílakots.

Hermína og Ragnar



Útleigureglur fyrir félagsheimili Snæfellsbæjar

- ✓ Leigutakar verða að hafa náð 25 ára aldri.
- ✓ Við leigu skal ábyrgðarmaður skrifa undir leigusamning sem er ábyrgðaryfirlýsing.
- ✓ Beiðni um undanþágur frá gjaldskrá skal beina til bæjarstjórnar. Í þeim tilvikum er eingöngu samið um leigu, en leigutaki þarf eftir sem áður að greiða fyrir þrif, skemmtana/stefgjöld og annan þann kostnað sem til getur fallið.
- ✓ Afhending hússins fer að jafnaði fram miðað við þann leigutíma sem óskað er eftir og skal skila húsinu strax að viðburði loknum nema samið sé um annað.
- ✓ Ef fleiri en einn aðili óskar eftir að leigja húsnæðið á sama tíma gildir að sá gengur fyrir sem pantar fyrst. Aðilar sem greiða fullt gjald fyrir leigu ganga fyrir þeim sem hafa fengið undanþágu frá gjaldskrá.
- ✓ Húsvörður lætur leigutaka fá lykla, gefur leiðbeiningar um búnað og aðrar aðstæður í húsinu fyrir útleigu.
- ✓ Aðgangur að hljóð- og ljósahebergi er ekki innifalinn í leigu. Ef óskað er eftir að nýta þann búnað þarf leigutæki að greiða laun hljóð- og ljósamanns sem húsvörður útvegar.
- ✓ Dúkaleiga er ekki innifalin í leiguverði og er greitt fyrir þá skv. gjaldskrá.
- ✓ Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og innanstokksmunum sem gestir kunna að valda.
- ✓ Borðbúnaður er innifalinn í leiguverði og honum ber að skila í sama ástandi og tekið var við honum. Með öllu er óheimilt að fara með borðbúnað út úr húsi, s.s.potta, pönnur og skálar. Ef áhöld eða borðbúnað vantar þá verður rukkað fyrir það.
- ✓ Leigutaki skal skila húsnæðinu grófþrifnu eftir útleigu. Í því felst að gólf séu sópuð/ryksuguð, gluggakistur þvegnar, borð þrifin, öll áhöld á sínum stað, og allt sorp fjarlæggt. Ef skoðun eftir útleigu leiðir í ljós ófullnægjandi þrif skal leigutaki greiða tímagjald fyrir þann tíma sem þarf í aukaleg þrif.
- ✓ Stefgjöld eru innheimt með leigu þegar það á við.